



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 31. október 2024

SFS24100108

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu um breytingu á fyrirkomulagi biðlista í leikskóla Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. október 2024 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu sem var frestað:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að breyta fyrirkomulagi biðlista í leikskóla Reykjavíkur svo að umsókn barna verði ekki fjarlægð af biðlistum fyrr en leikskóladvöl þeirra er formlega hafin. Þá megi tryggja að öll þau börn sem geta ekki hafið leikskóladvöl vegna aðstæðna í leikskólanum þó þau hafi fengið úthlutað pláss haldi virkri umsókn á biðlista. Í núverandi fyrirkomulagi eiga þessi börn ekki möguleika á að komast inn í aðra leikskóla því umsókn þeirra fellur niður þegar þau fá samþykkt leikskólapláss, á sama tíma er ekki hægt að sækja um flutning fyrr en leikskóladvöl er formlega hafin.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Almennt séð skekkir það stöðu biðlista ef börn eru áfram á biðlista eftir að þau eru komin með boð um leikskóladvöl. Boð um leikskóladvöl sem send eru út í „stóru innritun“ í mars/apríl á hverju ári eru fyrir haustið. Það væri því margra mánaða tímabil þar sem biðlistinn væri skekktur. Eins flækir það myndina varðandi boð þeirra barna sem eru næst á biðlistanum. Á að bíða með að úthluta þeim pláss til að halda lausu pláss fyrir þessi börn ef eitthvað óvænt kæmi upp á? Vala, umsjónarkerfi leikskólaumsókna býður ekki upp á að merkja við að vera áfram á biðlista þegar búið er að samþykkja boð um leikskóladvöl þannig að kerfið styður ekki við að halda sérstaklega utan um þann part, þó ekki væri nema til upplýsingar og þau börn væru ekki á hinum eiginlega biðlista.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að það sé algengt í Reykjavík að börn sem hafa fengið samþykkt leikskólapláss geti í reynd ekki hafið leikskólagöngu vegna ástæðna sem varða leikskólann til dæmis vegna mönnunarvanda, vankanta á húsnæði eða myglu. Bent er á að þau börn lendi á milli skips og bryggju því ekki sé hægt að sækja um flutning milli leikskóla nema barnið sé sannarlega í leikskóla og þurfa þá að bíða næstu úthlutunar þó pláss kunni að vera annars staðar. Vegna þessa hefur á vorönn 2024 verklag við innritun og aðlögun barna verið yfirfarið og í haust er unnið eftir því að öll



Reykjavík



börn sem fá boð í stóru innritun séu komin með upphafsdagsetningu fyrir 30. september og að aðlögun hefjist eigi síðar en 1. nóvember, það sama ár. Í þeim tilfellum þar sem börn hafa fengið samþykkt leikskólapláss í nýjan leikskóla en geta ekki hafið leikskólagöngu þar sem verklokum seinkar, þá er reynt, ef óskað er eftir því, að finna pláss á öðrum leikskólum. Þá er miðað við kennitölur barnanna og athugað hvar þau kæmust að ef þau væru á biðlista hjá öðrum leikskólum.

